

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Lækur, landgræðslulóðir, óveruleg breyting á gildandi deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 12. febrúar 2025 tillögu að óverulegri breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir Læk, landgræðslulóðir. Um er að ræða textabreytingu í gildandi greinargerð deiliskipulags í kaflanum Girðingar á bls. 7, þar sem heimilað verði að girða af spildu og leigja hana til beitar.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 12. febrúar 2025.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 26. febrúar 2025